

Ástæður þess að tilkynna þarf Ískrá um 7. og/eða 9. bekkjar bólusetningar sem skráðar eru í Sögu

- Til að koma í veg fyrir að Ískrá breyti nemanda með 'fullnægjandi' bólusetningastöðu í 'ófullnægjandi' ef bólusetning í 7. eða 9. bekk hefur verið skráð í Sögu.
- Til að tölur um þekjun bólusetninga verði sem réttastar þegar ársskýrsla í heilsuvernd skólabarna er tekin út að vori.

Skrá tilkynningu í Ískrá um bólusetningu sem skráð er í Sögu

- Tvísmella í línu nemandans undir 'Ónæmi' og opnast þá glugginn 'ónæmisadgerðir'.
- Smellt er á hnappinn 'Skráð í Sögu' (mynd 1) og opnast þá glugginn 'ónæmisadgerðir skráðar í Sögu' (mynd 2).
- Farið er í örina í auðu línunni undir 'ónæmisadgerð' og valin sú bólusetning sem tilkynna á Ískrá um og dagsetning á bólusetningunni skráð inn (mynd 2).
- Næst er smellt á 'Skrá' og kemur þá upp viðvörunargluggi sem spyr hvort eigi að tilkynna Ískrá um viðkomandi ónæmisadgerð sem skráð er í Sögu, smellt er á 'já' eða 'nei' eins og við á (mynd 3)

Mynd 1: Bros mild fékk MMRvaxPro á heilsugæslustöð sem skráð var í Sögu. Til að tilkynna Ískrá um bólusetninguna er smellt á hnappinn 'Skráð í Sögu'. Hægt er að sjá dags. á skráningunni í Sögu með því að fletta í bólusetn.grunninum.

Mynd 2: Farið er í örina fyrir aftan auðu línuna undir 'Ónæmisadgerð' og valið þar MMRvaxPro. Því næst er dagsetningin skráð inn og að lokum er smellt á 'Skrá'

Mynd 3: Viðvörunargluggi birtist og ef smellt á 'yes' ef tilkynna á Ískrá um viðkomandi bólusetningu ef ekki er smellt á 'No'

Yfirlit yfir tilkynningar til Ískrá

- Til að kalla fram yfirlit yfir þær bólusetningar sem tilkynntar eru í Ískrá er smellt á 'yfirlit tilkynninga til Ískrá' í glugganum 'ónæmisadgerðir skráðar í Sögu' (mynd 4)
- Þá birtist yfirlit yfir þær bólusetn. sem Ískrá hefur verið tilkynnt um en eru skráðar í Sögu (mynd 5).

Mynd 4: Smellt er á hnappinn 'Yfirlit tilkynninga til Ískrá' til að fá yfirlit yfir þær bólusetningar sem skráðar eru í Sögu en Ískrá hefur verið tilkynnt um.

Mynd 5: Hér á yfirlitinu sést að MMRvaxPro var skráð í Sögu á Bros mildi og tilkynnt til Ískrá.